

## FUNDARGERÐ 516. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 14. maí 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri:** Dóra Björt Guðjónsdóttir.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Tilkynning um breytingar á stjórn

Stjórn staðfestir með áritun sinni á tilkynningu til RSK formlega breytingu á skipan stjórnar í apríl 2025.

#### 2. ESA-málið – staða og næstu skref

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Halldór Þorkelsson, ráðgjafar SORPU í ESA málinu, sitja fundinn undir þessum lið og gera grein fyrir stöðu ESA-málsins og næstu skrefum.

Vinna við gerð sviðsmynda í málinu klárast í lok maí, og verða þær teknar fyrir á vinnufundi stjórnar í byrjun júní.

#### 3. Þriggja mánaða árshlutauppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir óendurskoðuðu þriggja mánaða árshlutauppgjöri SORPU bs. Tekjur eru nokkuð undir áætlun en aðhald í kostnaði hefur skilað betri rekstrarafkomu en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tekjur voru áætlaðar rúmar 1.993 milljónir króna á tímabilinu, en urðu 1.942 milljónir króna, 2,6% undir áætlun.

Kostnaður var áætlaður rúmar 1.602 milljónir króna, en varð rúmar 1.524 milljónir króna, 4,9% undir áætlun.

Afkoma ársfjórðungsins var áætluð rúmar 160 milljónir króna, en varð tæpar 187 milljónir króna, 16,7% yfir áætlun.

#### 4. Starfsleyfi urðunarstaðar og ný skilgreining á urðun

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um uppfærða skilgreiningu Umhverfis- og orkustofnunar á urðun. Breytt skilgreining á ráðstöfun úrgangsflokka sem áður töldust endurnýting hefur þær afleiðingar að meira magn mun teljast til urðunar en áður. Urðun á urðunarstað SORPU í Álfsnesi hefur eftir sem áður dregist verulega saman frá árinu 2023, þegar útflutningur á blönduðum úrgangi til brennslu hófst, og sérsöfnun á matarleifum varð útbreidd á höfuðborgarsvæðinu.

Minnisblað fylgir fundargerð.

#### 5. Breytingar á gjaldskrá á urðunarstað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir breytingu á móttökuskilmálum á hrossataði. Hrossatað verður frá og með 15. maí 2025 tekið inn á urðunarstað á sama farmagjaldi og jarðvegur í flokki 1211717510, á 25.000 krónur fyrir farminn, auk virðisaukaskatts.

Minnisblað fylgir fundargerð.

#### 6. Undirbúningsfélag um byggingu brennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu stofnunar undirbúningsfélags um byggingu hátækni-brennslu á Íslandi. Á 508. fundi stjórnar SORPU var framkvæmdastjóra veitt heimild til að stofna undirbúningsfélagið ársamt Kölku sf. og umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytinu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með ráðherra um málið.

#### 7. Endurgjald til sveitarfélaga vegna lóða undir endurvinnslustöðvar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir umræðum í starfshópi um uppbyggingu endurvinnslustöðvarinnar við Glaðheima um endurgjald SORPU bs. til sveitafélaganna fyrir lóðir sem þau leggja til undir endurvinnslustöðvar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna greinargerð um fyrirkomulagi endurgjalds fyrir lóðir sem sveitarfélögin leggja til undir starfsemi SORPU bs. og leggja fram á næsta fundi stjórnar.

#### 8. Kæra Íslenska gámafélagsins vegna útboðs á blönduðum úrgangi til brennslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði vegna kæru ÍGF vegna útboðs á blönduðum úrgangi til brennslu.

#### 9. Fundaráætlun stjórnar

Framkvæmdastjóri og formaður hafa yfirfarið fundaráætlun stjórnar fyrir næstu mánuði og komandi starfsvetur.

Vinnufundur stjórnar er ákveðinn 4. júní. Ákveðið að næsti formlegi fundur stjórnar verði 18. júní.

## 10. Önnur mál og frágangur fundargerðar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir breytingum á eignarhaldi á Bolaöldum ehf. Félagið var nýlega selt til HJ bíla ehf. SORPA bs. hefur séð um gjaldtöku í hliði og eftirlit með svæðinu undanfarin ár, en ekki er víst hvort framhald verði á því samstarfi.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir að ráð sé gert fyrir að skóflustunga verði tekin að nýrri endurvinnslustöð við Lambhagaveg á næstu vikum.

## Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 18. júní klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:35.